

Reykjavík, 24. júní 2015

Niðurstaða athugunar á stjórnarháttum Lífeyrissjóðs verslunarmanna

Á fyrsta ársfjórðungi 2015 hóf Fjármálaeftirlitið athugun á stjórnarháttum Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Markmið athugunarinnar var að kanna framfylgni við innri reglur, þ.e. starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra, og verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármálagerninga. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í júní 2015 og byggja á upplýsingum frá árunum 2013 og 2014 og miðast við stöðuna á þeim tíma.

Athugunin leiddi í ljós að verklag vegna verðbréfiðskipta var ekki að öllu leyti í samræmi við innri reglur sjóðsins. Gerð var athugasemd við það að í einu tilfalli vék stjórnarmaður ekki af stjórnarfundum eins og innri reglur sjóðsins kveða á um. Gerð var athugasemd við að nokkrar tilkynningar stjórnarmanna og starfsmanna á eigin viðskiptum höfðu ekki borist sjóðnum eða borist of seint miðað við verklagsreglur sjóðsins. Þá var gerð athugasemd við að þeir stjórnarmenn sem engin viðskipti höfðu átt höfðu ekki sent staðfestingu um slíkt til sjóðsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og framkvæmdastjóra.

Fjármálaeftirlitið telur það vera heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. og 44. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, að eftirlitsskyldir aðilar fylgi eigin innri reglum. Með vísan til framangreinds brýndi Fjármálaeftirlitið fyrir Lífeyrissjóði verslunarmanna að framfylgja í hvívetna innri reglum sjóðsins.